



SUMARBÚÐIRNAR

ÁSTJÖRN

STOFNADAR 1946

Sumarbúðirnar Ástjörn: Kelduhverfi · 671 Kópasker · Sími 465 2262
astjorn.is · astjorn@gmail.com · facebook.com/astjorn
Kt. 580269-0609 · Landsbanki Íslands 0162-26-18363

Skrifstofa og upplýsingar: Pósthólf 418 · 602 Akureyri · Sími 462 3980
Sumarbúðastjóri: Árni Hilmarsson · Sími 860 2262

Bréf vegna unglingsviku 30. júlí - 6. ágúst 2020

Kæri Ástirningur!

Í þessu bréfi, sem er sent vegna tilvonandi dvalar þinnar við Ástjörn sumarið 2020, eru flestar nauðsynlegar upplýsingar. Lestu bréfið vandlega og geymdu á góðum stað.

Hvað þarf að gera núna?

Athugaðu fyrst, hvort þú hafir fengið alla nauðsynleg gögn. Auk þessa bréfs áttu einnig að hafa fengið:

- Greiðsluseðil** (í heimabanka) til að greiða dvalargjaldið.
- Upplýsingaseðil**. Fyllið út sem rafrænt PDF skjal (sjá astjorn.is/gogn) og sendið í tölvupósti með viku fyrirvara.

Útbúnaðarlisti

Mundu að taka með þér bæði sumarfatnað og hlý föt, regnföt og sundföt. Einnig er nauðsynlegt að hafa með sér stígvél og góða skó. Vind- eða regnfatnaður er nauðsynlegur, ef farið verður á hestbak. Ekki þarf að taka með sængur- eða rúmfatnað, handklæði og þvottapoka, heimilið leggur allt slíkt til. En snyrtiveskið með öllu tilheyrandi má ekki gleymast. Ef þú átt myndavél gæti hún komið að góðum notum. Mundu líka að taka með skriffæri og Nýja testamenti eða Biblíu.

Hljómtæki eru ekki leyfð, nema tónlistarspilarar með heyrnartólum. Reykingar eru ekki leyfðar meðan á dvöl stendur og áskiljum við okkur rétt til að taka sigarettur af þeim sem koma með þær. Leyfilegt er að koma með farsíma en þó verður notkun þeirra takmörkuð. **Við mælum eindregið með því að farsímar séu skildir eftir heima.** Ekki er leyfilegt að koma með spjaldtölvu eða fartölvu.

Ef þú hefir áhuga á reiðnámskeiði skaltu taka með þér pening. Hestaleiga er í nágrenninu (nordicnatura.is). Sjá nánar um hestaleiguna hér á eftir.

Gott er að hafa lítinn vasapening meðferðis (ekki nauðsynlegt), t.d. 2000-4000 kr. fyrir sjoppuferðir.

Í tíma fyrir brottför

Merktu við í viðeigandi reiti á upplýsingaseðlinum, hvernig þú kemur til Ástjarnar.

Þeir, sem eiga við einhver veikindi að stríða, eiga að koma með læknisvottorð, þar sem fram komi hvers eðlis veikindin eru og fyrirmæli gefin um meðferð, lyfjagjöf o.s.frv.

Allir við Ástjörn eiga sitt Ástjarnarnúmer. Númerið þitt hefir verið skrifað inn á upplýsingaseðilinn. Best er að merkja öll fötin þín með þessu númeri. Einnig bækur, skó, myndavélar o.fl., í stuttu máli allt, sem þú kemur með. Á hverju hausti liggur eftir alls konar fatnaður og dót, sem er ómerkt. Merktu því allt vel og vandlega. Ef þú notar tússpenna athugaðu þá vel, að hann þoli þvott. „Artline 750 Marker For Laundry“ er t.d. mjög góður fatamerkingapenni.

Mundu að merkja ferðatöskuna þína með nafni og númeri.

Brottfarardagurinn

Farið verður með rútu til Ástjarnar frá Akureyrarflugvelli **fimmtudaginn 30. júlí kl. 15.**

Flug til Akureyrar: Á Akureyrarflugvelli verður tekið á móti þeim, sem koma með flugi úr Reykjavík. Ástjörn á frátekin sæti í flugvélinni. **Bókið flugið á vefsíðu Ástjarnar: astjorn.is/flug** sem fyrst.

Sumarbúðafargjald Flugfélags Íslands fyrir unglunga á leið til Ástjarnar kostar 27.060 kr. báðar leiðir og 13.530 kr. fyrir aðra leið. Flugvélin fer frá Reykjavík kl. 13:50 (mæting kl. 13:05).

Þeir sem koma með einkabíl til Ástjarnar komi þangað um kl. 17.

Dvölin við Ástjörn

Margt er gert sér til gamans við Ástjörn. Vatnið og bátarnir er alltaf vinsælt, og í hlýju veðri er gaman að synda í vatninu. Rúmlega 25 bátar eru við Ástjörn, hjólabátar, árabátar, kajakar, kanóar og skútur. Keppt er í ýmsum íþróttum og verðlaun veitt. Auk þess er sungið, haldnar kvöldvökur, biblíustundir og margt fleira gert.

Við Ástjörn er þér skylt að hlýða starfsfólki og öllum reglum heimilisins. Þær eru m.a. settar þér til öryggis, til varnar slysum eða til að kenna þér háttprýði. Ástjörn ber ekki ábyrgð á óviðráðanlegum slysum.

Að lokum

Komið verður til Akureyrarflugvallar **fimmtudaginn 6. ágúst kl. 14:05.**


Þeir sem koma til að sækja á einkabíl, mæti til Ástjarnar um kl. 12.

Flug til Reykjavíkur: Vegna þess að Ástjörn á frátekin sæti í flugvélinni, þá þarf að bóka flugið í gegnum **vefsíðu Ástjarnar: astjorn.is/flug** tímanlega. Brottför á flugi frá Akureyri er kl. 15:05 og landing í Reykjavík kl. 15:50.

Vonandi hefir þetta bréf hjálpað þér við undirbúning fararinnar. Allar nánari upplýsingar eru veittar í sínum 462 3980 eða 465 2262 (Árni eða Magnús).

Að lokum vonum við, að þú eigir góða og eftirminnilega daga við Ástjörn.

Með bestu kveðju frá starfsfólki Ástjarnar!



Ástj.nr. _____



Námskeið í reiðmennsku

Líkt og undanfarin sumur verður Ástirningum boðið upp á námskeið í reiðmennsku. Hestaleigan **Nordic Natura** í Kelduhverfi (nordicnatura.is) sér um námskeiðin og eru þau við Ásbyrgi. Námskeiðin í boði eru þrjú:

Hestafjör – óvanir. 2 klst. 7500 kr. Fyrir þá sem hafa aldrei farið á bak áður eða í örfá skipti. Farið yfir helstu undirstöðu- og öryggisatriði. Unglingarnir kempa og teyma hrossin í gerðinu og fara svo á bak og gera léttar æfingar.

Hestafjör – vanir. 2 klst. 7500 kr. Aðeins fyrir þá sem hafa farið á námskeið áður eða farið á hestbak a.m.k. 5-10 sinnum áður. Unglingarnir æfa sig að ná hrossunum, leggja á og fara svo á bak inni í gerðinu. Tölt og brokk æft. Jafnvel er farið út fyrir, en það þarf að meta hverju sinni hvort hópurnir sé tilbúinn til þess eða ekki.

Hestakynning. 1 klst. 4000 kr. Fyrir þá sem treysta sér ekki til þess að fara á hestbak, en vilja samt koma og vera í kringum hrossin og m.a. kempa þau og teyma, o.s.frv.

Setjið pening í umslag, sem afhendist við brottför til Ástjarnar.

Námskeiðin og útreiðin er ekki beinn liður í dagskrá Ástjarnar, en starfsfólk Ástjarnar sér um að koma unglungunum á milli staða. Það tekur innan við 5 mín. að aka frá Ástjörn að hestaleigunni við Ásbyrgi.

Misjafnlega getur viðrað þegar farið er á hestbak, þess vegna er nauðsynlegt að vera vel útbúinn: Regnfatnaður, síðar nærbuxur, hlý peysa, vettlingar, eyrnaband (undir hjálminum), stígvél og ullarsokkar er alveg nauðsynlegur útbúnaður. Hestaleigan útvegur hjálma.



Við mælum með því að þið gerið LIKE á FB-síðuna okkar facebook.com/astjorn til þess að geta fylgst betur með þegar nýjar myndir birtast þar.

Sjá einnig myndbönd á youtube.com/astjorn og fündurhugmyndir á pinterest.com/astjorn

Covid-19

Varðandi kórónuveiruna

Mjög mikilvægt! Ef barn/unglingur eða annar fjölskyldumeðlimur finnur fyrir einkennum vikurnar á undan dvöl þá vinsamlegast gangið úr skugga um það með sýnatöku hvort um Covid smit sé að ræða eða ekki. Ekki láta barnið koma ef vafi leikur á þessu eða án þess að ræða fyrst við okkur.

Ef eitthvað samneyti hefur verið haft við þá sem hafa komið erlendis frá vinsamlegast farið í sýnatöku til að vera viss. Hafið samband við okkur ef vafi leikur á einhverju sem Covid snertir.

Foreldrar, brýnið fyrir börnum ykkar að gæta vel að hreinlæti, eins og hefur verið talað um síðustu mánuði og kemur fram á covid.is.

Það er **mjög mikið í húfi**, því að ef flokkurinn verður felldur niður vegna Covid smits þá er hugsanlegt að allir unglíngarnir yrðu sendir heim og í sóttkví með tilheyrandi röskun á fjölskylduhögum.

Mikilvægt er að unglíngarnir iðki handþvott og almennt hreinlæti og ef þau þurfa að hósta eða hnerra, að gera það í olnbogabótina eða einnota klúta, en ekki út í loftið.

Þótt börn og unglíngar virðist smitast síður en fullorðnir - sem betur fer - þá er samt hættan fyrir hendi og þau gætu líka borið smit til annarra, eins og kemur fram á vefsíðu Landlæknis.

Til að minnka hættu á smiti þá ætlum við að sleppa handaböndum og faðmlögum í sumar.

Ef svo óheppilega vill til að barn eða einhver annar við Ástjörn fengi COVID og þyrfti að fara í einangrun eða sóttkví þá er það á ábyrgð foreldra að sækja barnið og hafa það í einangrun eða sóttkví. Það að sækja barnið eru sömu viðbrögð og ef barnið hefði veikst alvarlega eða orðið fyrir slysi.